

ÖSKUR!

4.tbl. Október 2009

MÁLGAGN ÖSKRU! – HREYFINGU BYLTINGARSINNAÐRA STÚDENTA

www.oskra.org / oskra@oskra.org

Morð

Skólakerfi er eins og peningur með tvær hliðar. Önnur hliðin stuðlar að því að nemandi öðlist sjálfstæða gagnrýna hugsun til að berjast gegn því að sömu mistökin séu endurtekin. Hin hliðin elur á þjóðerniskenndinni svo nemandi finnst hann tilheyra tilteknu þjóðerni, hóp eða kynþætti. Sú hugmyndafræði rúmast hvað best í áróðursorðum Mússolini: stétt með stétt, sem Guðlaugur Þór apaði hvað síðastur eftir honum í síðustu alþingiskosningabaráttu.

Á tímum seinni heimsstyrjaldarinnar sendu íslensk stjórnvöld fjölda gyðinga í útrýmingarbúðir með því að neita þeim um hæli hér á landi. Tímarnir hafa breyst að því leiti að stríðin eru ekki háð á sömu landssvæðum. Hagsmunir og afstaða íslenskra stjórnvalda eru þó alltaf sú sama, saklaus fórnarlömb stríðshrjáðra svæða sem sækja hér hæli, sendum við á vit óvissu og dauða. Það var síðast miðvikudaginn 14. október að íslensk stjórnvöld, ólýðræðislega kosinn ráðherra, neitaði þremur mönnum hæli, dæmdi þá ekki nógu mikilvæga til þess að eiga að fá að lifa.

Margir sýndu baráttu síðasta veturs áhuga. Fólk sá að ríkjandi samfélagsskipan væri að einhverju leiti ekki hagkvæm fyrir það fjárhagslega. Og þegar það gerði sér grein fyrir að eigin hagmunir væru í húfi þá var fólk tilbúið að standa á götum og torgum borgarinnar. Þegar hinsvegar þarf að sýna samstöðu með lífi saklaus fólks er hætt við að grunnt sé á réttlætiskenndinni og baráttuandanum fyrir bættu þjóðfélagi. Þegar íslensk stjórnvöld brjóta reglugerðir og senda flóttafólk út í dauðann þá skeytir fólk litlu um það. Gæti ástæðan verið að ekki er um fjárhagslega eiginhagsmuni fólks að ræða?

Sorglegt er að sjá að frá því að Agnar Kofoed-Hansen, seinna meir lögreglustjóri, var sendur á námskeið hjá SS sveitum til þess að leggja grunninn að Útlendingastofnun, hafi áherslurnar ekkert breyst. Og það sem lærst hefur af sögunni er fátt annað en hvernig skuli fela hlutina.

Öskra berst gegn því að Háskóli Íslands verði enn einn hlekkurinn í samþykki á mannréttindabrotum. Öskra fagnar því að Háskóli Íslands hafi ekki verið lítillækkaður frekar með fyrirlestri Rögnu Árnadóttur, einum af tveim ólýðræðislega kosnum ráðherrum, um mannréttindi aðeins tveim dögum eftir að hún framdi mannréttindabrot með því að senda þrjá menn út í fangabúðir til Grikklands.

Er morðingjaeðlið svo sterkt alið í íslenskum stúdentum að allur sjálfstæður vilji víki? Þýski presturinn Martin Niemöller skrifaði eftirfarandi eftir að hafa lifað af útrýmingarbúðir nasista:

Þegar þeir sóttu kommúnistana- þagði ég, ég var ekki kommúnisti.
Þegar þeir sóttu sindikalistana- þagði ég, ég var ekki sindikalisti.
Þegar þeir sóttu gyðingana- þagði ég, ég var ekki gyðingur. Svo sóttu þeir mig- Og enginn var eftir til þess að mótmæla.

Þegar þeir sóttu Noor, þegar þeir sóttu Mohamad, þegar þeir sóttu Múhamed, hvað sögðu þið? Hvað ætlið þið að segja?

Jafnréttisvika eða ójafnréttisvika 51 viku á ári?

Getur jöfnuður einhvern tíma náðst í samfélagi þar sem atvinnuleysisbótaþeginn fær nokkra þúsundkalla en ofurkapítalistinn er með miljarð dollara í vasanum?

Er jafnrétti mögulegt í markaðslýðræði sem byggist á ójöfnuði?

Karlaveldi, kúgun minnihlutahópa og arðrán á þeim fátækustu eru grunnstoðir valdapíramíða auðvaldsins. Eftir tugi ára af nýfrjálshyggju hefur samkeppnismítunni verið troðið ofan á jafnréttið. Samkeppnin, svo að allir fái að kúga jafnt, með því skilyrði að þeir séu hæfastir til þess. Þeir sem hafi rétta framapotara DNA uppbyggingu eigi rétt á að kúga. Það þarf bara að fara í gegn um menntakerfisframleiðsluferlið til að vera valinn: ráða og kúga eða vinna og púla.

Konur þyrpast í háskólanám vegna þess að þær þurfa frekar á prófgráðunum að halda en karlar til þess að komast í virðingarstöður. En baráttan fyrir jafnrétti er ekki barátta fyrir því að konur og menn, heilbrigðir og öryrkjar fái að kúga jafnt. Raunverulegt jafnrétti er ómögulegt án jafns samfélags og jöfnuður er óraunsær án afnáms grunnstoða óréttlæis innan samfélagsins, eignarréttinum og ójöfnuði lífsgæða.

Berjumst gegn því að nokkur útvalin kúgi meirihlutann. Stríðið fyrir jafnrétti er stríð gegn kúgun á öllum sviðum.

Umræða um jafnrétti í eina viku er fínt, en Öskra! háir baráttuna fyrir jafnrétti og jöfnuði 52 vikur á ári.

Drepum ójafnréttið, drepum feðraveldið, drepum kapítalið. Annað samfélag er ekki einungis mögulegt það er skylda.

Hvernig háskólasamfélag vilt þú?

Miðvikudaginn 28.október boðar Öskra! til umræðna í stofu **102 á Háskólatorgi kl 20:00.**

Umræðuefni verða meðal annars:

- Hvað er Öskra?
- Hvað hefur Öskra gert síðan hún var stofnuð?
- Hvernig háskólasamfélag viljum við?
- Er Háskólinn þjónustufyrirtæki?
- Af hverju þarf róttæka stúdentahreyfingu?
- Hefur hin hefðbundna stúdentapólitík brugðist?

Kjörinn vettvangur fyrir opin skoðanaskipti fræðimanna, stúdenta og almennings um ýmis málefni Háskólans. Það er trú Öskru! að opin og lýðræðisleg umræða skipti gríðarlegu máli í háskólasamfélaginu.

Komdu á fund: Alla mánudaga klukkan 20:00 á Háskólatorgi

www.oskra.org

oskra@oskra.org